

## Kalda stríðið fyrra, leynipjónustan og bankaveldið

Nasistarnir í iðnaðar- og bankageiranum, í samvinnu við bandaríska auðjöfra, voru potturinn og pannan í ofurseðlabankanum í Sviss (Bank for International Settlements-BIS), sem stofnaður var m.a. að undirlagi bandaríska seðlabankans (Federal Reserve), samkvæmt Young áætluninni (bandarísk áætlun um endurreisn Þýskalands, eftir fyrstu heimstyrjöldina).

Þar var hluti Gyðingagullsins síðar geymdur, þ.e. ránsfengur Þjóðverja á millistríðsárunum og í annarri heimstyrjöldinni. En upphaflega var til þessa banka stofnað til að annast milligöngu um stríðsskaðabótageiðslur Þjóðverja, eftir „friðarsamningana“ í París og Versöllum, að loknu fyrsta heimsstríði. Þjóðverjar voru þvingaðir til að samþykkja skaðabætur, m.a. vegna hungursneyðar af völdum hafnbanns breskra yfirvalda.

BIS heldur enn velli og er nú orðinn eins konar seðlabanki seðlabankanna. Þar hittast bankastjórnar þeirra til leynilegs skrafs og ráðagerða.

Einn umræddra nasista var „gullintannarbankamaðurinn,“ hagfræðingurinn og ráðgjafi kanslara Þýskalands, Adolf Hitler (1889-1945), Walther Funk (1890-1960), síðar efnahagsráðherra Þýskalands og bankastjóri seðlabanka þess. Hann er sagður hafa geymt gull úr tönnum fanga í fangabúðum nasista. Walther sá fyrir sér sameinaða Evrópu undir stjórn Leiðtogans og samdi tillögur að frjálsri verslun og sameiginlegri mynt.

Gulli og öðrum verðmætum var víða stolið í annarri heimstyrjöldinni, stundum kallað Gyðingafullið. Bandaríkjamenn komust yfir verulegan hluta þess með hjálp leynipjónustu nasista, sem þeir áttu góða samvinnu við og notuðu að nokkru leyti sem fyrirmynd að eigin leynipjónustu (Central Intelligence Agency CIA). Þýfið skilaði sér aftur sem Marhall aðstoð til Þýskalands, Íslands og annarra Evrópuríkja í kalda stríðinu.

Auðjöfrum Bandaríkjanna óx svo ásmegin í fyrsta heimsstríði, að þeir sóttu fram bæði á alþjóðavettvangi og á heimavelli. Á kreppuárunum á fjórða áratugi síðustu aldar, en fjármálakreppuna sköpuðu þeir sjálfir, lögðu þeir á ráðin um stjórnarbyltingu í Bandaríkjunum sjálfum, vildu nýta eigin kreppu út í ystu æsar.

Gróðafíkn og tvískinnungur auðjöfranna og sjóða þeirra var óbreyttur í öðru heimsstríði. Það á einnig við um stríðin í Kóreu og Víetnam – og reyndar í flest stríð og

vopnaskak síðan. Það má færa gild rök að því, að sömu fjármagnstæknilegu bolabrögð gildi sömuleiðis í veirustríðunum, sem háð eru um þessar mundir.

Þegar Joseph Vissarionovich Stalin (1878-1953), Winston Leonard Spencer Churchill (1874-1965) og Franklin Delano Roosevelt (1882-1945), höfðu samið um skiptingu heimsins, að öðru heimsstríði loknu, sótti hið nýja heimsveldi, Bandaríki Norður-Ameríku, stöðugt í sig veðrið í öllum heimsálfum.

Bandaríkjamenn tóku nú að ástunda leynihernað í áður óþekktum mæli.

Leyniþjónusta hersins umbreyttist árið 1947 – varð CIA- og hefur síðan unnið margt myrkraverkið víða um heim. Hún lætur hvergi deigan síga og vinnur oft og tíðum með frjálsum félagasamtökum (non-governmental organization), auðjöfrum og sjóðum þeirra, að undirróðri, uppreisnum, uppbotum og öðrum myrkraverkum. Þar ber nafn auðkýfingsins, George Soros, iðulega á góma.

Upplýsingahernaður leyniþjónustunnar jókst einnig stig af stigi, því með einhverjum hætti þurfti að réttlæta ódæðisverkin fyrir bandarískum skattgreiðendum og alþjóðasamfélaginu.

Bandaríski stjórnfræðingurinn, Samuel Phillips Huntington (1927-2008), afhjúpaði þá staðreynd, að frásögnin um „kalda stríðið“ hefði verið samin í áróðursskyni til að réttlæta bandarísku heimsvaldastefnuna og reyndar einnig til að skapa skelfingu á Vesturlöndum. Samuel sagði:

„Það verður að haga sölunni [þ.e. réttlætingu á íhlutun í málefni annarra ríka] með þeim hætti, að fólk ruglist í ríminu og haldi, að barist sé við Ráðstjórnarríkin (Sovét-). Það er einmitt það, sem Bandaríkin hafa stundað, síðan Truman stefnan (Truman Doctrine) sá dagsins ljós.“ („Truman Doctrine“ er sú stefna bandarískra stjórnvalda, kennd við Harry S. Truman (1884-1972), Bandaríkjaforseta, að veita aðstoð hverju því lýðræðisríki, sem þau teldu að stafaði ógn af byltingaröflum.)

T.d. var bandaríska þinginu kynnt hernaðar- og fjármagnsaðstoð til Grikklands og Tyrklands árið 1947 til að kæfa uppbot almennings, sem Harry sagði að undirlagi Ráðstjórnarríkjanna. Ætlunarverkið var að efla frið, frelsi og lýðræði, eins og Joseph Biden gerir nú í Úkraínu, með dyggum stuðningi Íslands og annarra Evrópuríkja.

Á kaldastríðsárum virtist eins og upphæfist meðal Bandaríkjaforseta samkeppni um fjölda myrkraverka. Til dæmis lagði Dwight David Eisenhower (1890-1969) blessun sína yfir 104 leyniaðgerðir í fjórum álfum á átta árum. En John F. Kennedy sló honum þó við með 163 aðgerðir í forsetatíð sinni.

Samfara upplýsingahernaði voru njósnir elfdar til muna. Sameiginleg yfirlýsing um þróun og framtíð í Evrópu (Atlantic Charter), sem Franklin Roosevelt og Winston Churchill komu sér saman um árið 1941, var jarðvegur þeirra. Ári síðar hlaut yfirlýsingin stuðning 26 þjóða, þar á meðal Ráðstjórnarríkjanna.

Umrædd yfirlýsing lagði grundvöll að samstarfi margra ríkja í Evrópu og Eyjaálfu. Þar varð til vísir að Sameinuðu þjóðunum, sem stofnaðar voru 1945.

Fleiri ríki tóku einnig þátt í samstarfinu um njósnir; Ástralía, Kanada og Nýja-Sjáland. Það er stundum kallað „Fimmaugna“ (Five Eyes) njósnasamstarfið. Með stofnun CIA og FBI (Federal Bureau of Investigation) má segja, að bandaríska „öryggisríkið“ (security state) hafi verið komið á koppinn.

Á Íslandi var „kaldastríðsóginn“ kölluð „Rússagrýlan.“ Hún hefur verið endurvakin, eftir að stríðið í Úkraínu braust út. Um þessar mundir er blásin upp ógnin af njósnum Rússa á Norðurlöndum í sameiginlegu átaki ríkissjónvarpsstöðvanna í fjórum þeirra. Það er reyndar alkunna, að njósnir eða söfnun upplýsinga sé stunduð af flestum ríkjum veraldar.

Það stafar svo gríðarlegri ógn af Rússagrýlunni góðkunnu, að jafnvel fluggáfað og menntað fólk hrekkur í kút og missir „sans og samling.“ Enda er ætlunum að firra borgarana dómgreind og gagnrýninni hugsun, rétt eins og tekist hefur með veirugrýlunni. Við lifum á afturgöngu- og tröllatímum.

Það var með skírskotun til Rússagrýlunnar, að Bandaríkin gengust fyrir stofnun Norður Atlantshafsbandalagsins (Nato – North Atlantic Treaty Organization) árið 1949. Íslendingar hoppuðu á vagninn, þræslundin leyndi sér ekki, enda hafði þjóðin búið við nýlendukúgun um aldir og hersetu Breta og Bandaríkjamanna í áratug eða svo.

Það fór með íslenska þjóð eins og fangann, sem var látinn laus úr langri fangavist. Hann vildi heldur helsi en frelsi og grátbað um framhaldsfangavist. Á Íslandi er Nató kallað varnarbandalag, svo sauðsvartur almúginn velkist ekki í vafa um tilgang þess.

En samkvæmt fyrsta aðalframkvæmdastjóra Nató og herforingja Breta, Hastings Lionel Ismay (1887-1965), var tilgangur Bandalagsins að halda Ráðstjórnarríkjunum utan garðs, þjóðverjum í skefjum og hinum í sama báti.

Stofnun Sameinuðu þjóðanna átti sér stað í kalda stríðinu. Samtökin voru stofnuð í Bandaríkjunum árið 1945 eins og fyrr sagði. Forseti Austurríkis, Kurt Josef Waldheim (1918-2007), fyrrum her- og leyniþjónustumaður úr þýska hernum, var gerður að

fjórða aðalritara þeirra á tímabilinu 1972-1981, þ.e. áður en hann gegndi forsetaembættinu.

Það má, með skírskotun til reynslunnar af Þjóðabandalaginu (World League of Nations), velta því fyrir sér, hvort hinn raunverulegi tilgangur með stofnun hins nýja bandalags hafi í raun verið sá sami og með stofnun Þjóðabandalagsins, að tryggja stórveldunum – einkum þeim vestrænu – tögl og haldir í veröldinni.

<https://thecritic.co.uk/issues/june-2020/nazi-blueprint-for-postwar-integration/>

<https://contemporarythinkers.org/samuel-huntington/biography/>

<https://www.bbc.com/news/world-56970640>

[https://www.youtube.com/watch?v=PLAx\\_LpJslU](https://www.youtube.com/watch?v=PLAx_LpJslU)

<https://www.encyclopedia.com/reference/encyclopedias-almanacs-transcripts-and-maps/ismay-hastings-lionel-ismay-1st-baron>

<http://www.inquiriesjournal.com/articles/899/the-british-blockade-during-world-war-i-the-weapon-of-deprivation>

<https://www.history.com/topics/world-war-i/world-war-i-history>

<https://www.history.com/topics/world-war-i/world-war-i-history>

<https://www.britannica.com/biography/Kurt-Waldheim>

<https://worldpopulationreview.com/country-rankings/five-eyes-countries>

<https://www.britannica.com/event/Truman-Doctrine>

<https://www.britannica.com/biography/Samuel-P-Huntington>

<https://spartacus-educational.com/GERfunk.htm>

<https://www.bis.org/>

<https://www.historylearningsite.co.uk/nazi-germany/nazi-leaders/walther-funk/>

<https://history.state.gov/milestones/1914-1920/paris-peace>

<https://history.state.gov/milestones/1921-1936/dawes#:~:text=Under%20the%20Dawes%20Plan%2C%20Germany's,currency%2C%20the%20Reichsmark%2C%20adopted.>

<https://alphahistory.com/coldwar/truman-doctrine/>

<https://www.history.com/news/world-war-i-russian-revolution>

<https://responsiblestatecraft.org/2023/02/21/we-made-putin-our-hitler-zelensky-our-churchill-and-the-media-fell-in-line/>

[https://kitklarenberg.substack.com/p/anatomy-of-a-coup-how-cia-front-laid?utm\\_source=profile&utm\\_medium=reader2](https://kitklarenberg.substack.com/p/anatomy-of-a-coup-how-cia-front-laid?utm_source=profile&utm_medium=reader2)

<https://www.history.com/topics/world-war-ii/atlantic-charter>